

Fundargerð svæðisráðsfundar Sögu 6. apríl 2013 í Kaffihúsinu á Álafossi í Mosfellssveit.

Dagskrá fundarins er þessi:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð síðasta svæðisráðsfundar borin upp til samþykktar
3. Umræður um skýrslur svæðisstjóra og forseta klúbbanna
4. Kynning á nýjum klúbbalögum og klúbbasamþykktum
5. Kosning kjörsvæðisstjóra 2013 - 2014
6. Önnur mál.
7. Fundarslit.

1. Fundarsetning .

Pétur Jökull Hákonarson svæðisstjóri setur fundinn kl. 15.00. Biður fundarmenn velkomna og biður þá að kynna sig. Í fundarbyrjun er borið fram kaffi og eplakaka með rjóma í boði Mosfells.

Frá eftirtöldum klúbbum eru þessir mættir:

Frá Búrfelli: Ágúst Magnússon fráfarandi svæðisstjóri
Jón Ólafur Vilhjálmsson forseti,
Guðjón Jónsson kjörforseti

Frá Eldfelli: Atli Heiðar Þórsson forseti
Óskar Arason kjörforseti

Frá Mosfelli: Magnús Þorvaldsson forseti
Pétur Baldvinsson ritari
Pétur Jökull Hákonarson svæðisstjóri
Sigurður Skarphéðinsson svæðisritari
Guðni Guðmundsson

Frá Ósi: Geir Þorsteinsson kjörsvæðisstjóri

Sigurður E. Sigurðsson ritari

Frá Helgafelli: Hafsteinn Gunnarsson forseti
Ragnar Ragnarsson kjörforseti

Frá Ölveri: Þórarinn F. Gylfason forseti
Þráinn Jónsson ritari
Ólafur G. Guðmundsson
Árni Baldur Ólafsson

Á fundinn eru einnig mættir þeir **Ástbjörn Egilsson** í Kiwanisklúbbnum Esju formaður Laganefndar Umdæmisins og **Björn Ágúst Sigurjónsson** í Kiwanisklúbbnum Elliða formaður Styrktarsjóðs Umdæmisins.

2. Fundargerð síðasta svæðisráðsfundar borin upp til samþykktar.

Pétur Jökull ber upp til samþykktar fundargerð síðasta svæðisráðsfundar sem var aukafundur til að kjósa kjörsvæðisstjóra fyrir starfsárið 2012 - 2013, haldinn með fjarfundarsniði 14. febrúar 2013. Fundargerðin hefur áður verið send fundarmönnum í tölvupósti. Er hún því ekki lesin á fundinum. Fundargerðin fylgir hér með á fylgiskjali. Fundargerðin er samþykkt.

3. Umræður um skýrslur svæðisstjóra og forseta klúbbanna.

Pétur Jökull gefur orðið laust um skýrslurnar, en þær höfðu áður verið sendar fundarmönnum í tölvupósti og því ekki lesnar á fundinum. Vísast til þeirra á fylgiskjali.

Þórarinn F.Gylfason segist þurfa bæta við skýringu við skýrslu síns klúbbs á þá vegu að tveir félagar að auki en getið er í skýrslunni hafi bæst í félagahóp Ölvers. Annar er að koma í klúbbinn aftur eftir fjarveru og hinn flyst frá Kiwanisklúbbnum Drangey.

Atli Heiðar segir frá verkefni sem þeir Eldfellsfélagar séu nýbyrjaðir með en það er myndasöfnun frá Heimaeyjargosinu 1973. Í upphafi átti þetta vera lítil fjáröflun og safna myndunum á disk eða minnislykil. En verkefnið þrútnaði heldur betur út segir Atli, komnar að minnsta kosti 1100 myndir og fleiri bætast stöðugt við, jafnvel myndir sem ekki hafa sést áður. Atli segir þetta tvímælaust góða kynningu fyrir Eldfell og Kiwanis yfirleitt.

Þá nefnir Atli að Umdæmið sé búið að kaupa húsnæði á Bildshöfða í Reykjavík í stað Kiwanishússins á Engjateigi. Segir hann að þeir Eldfellsfélagar sem ekki hafa haft neinn samastað fyrir fundi sína, líti til þess að geta fengið aðstöðu í þessu nýja húsnæði fyrir fundina. Hljóti það vera hagur fyrir Umdæmið að geta leigt húsnæðið fyrir fundi og fengið þannig tekjur á móti vaxtakostnaði.

Pétur Jökull tekur undir orð Atla um húsnæðið.

Geir Þorsteinsson segist vilja skerpa aðeins á skýrslu Óss. Nefnir hann jólatrjáasölu klúbbsins fyrir jólin en tréin eru keypt gegnum Húsasmiðjuna. Einnig selja í þeim tré sem falla til við grísjun í trjálundum sem ýmsir eiga. Þetta séu oft stærri tré sem fyrirtæki kaupa og gefur það góðar tekjur segir Geir. Goddagskvöld klúbbsins sem nú í mars var haldið í annað sinn sé smá fjáröflun. Kvöldið er karlakvöld og er nokkrum körlum boðið í veisluna og kynnist þeim því starfi klúbbsins um leið. Geir vill taka fram að á boðstólnum í veislunni hafi verið sauðakjöt, en í skýrslunni segir að það hafi verið kindakjöt. Þá minntist Geir á að páskabingó klúbbsins sem nú var haldið í 18. sinn sé í góðu áliti á Höfn sem og matarstyrkirir til fátækra fyrir jólin. Endurgjaldi íbúarnir klúbbum með kaupum á jólatrjánnum.

Sigurður Skarphéðinsson spyr hvort þessi nýbreytni að lesa ekki fundargerðina né skýrslurnar falli mönnum í geð. Engin athugasemd er gerð og svara nokkrir úr sætum sínum að þetta sé komið til að vera á fundum svæðisráðsins.

4. Kynning á nýjum klúbbalögum og klúbbasamþykktum.

Ástbjörn Egilsson þakkar boðið til fundarins til að kynna ný klúbbalög sem Kiwanis International hefur gefið út. Þessi lög séu samin fyrir klúbba allrar heimsbyggðarinnar. Laganefnd umdæmisins hafi unnið við það í vetur að aðlagja þau að íslensum venjum eftir að Óskar Guðjónsson hafi þýtt þau á íslensku. Síðan fer Ástbjörn í gegnum lögina og skýrir þau og þá helst nýbreytni sem í þeim felst ásamt samþykktum klúbba sem á að gera samhliða lögnum. Ástbjörn leggur áherslu á að klúbbarnir samþykki þessi nýju lög nú í vor eða í síðasta lagi fyrir lok starfsársins.

Pétur Jökull þakkar Ástbírni fyrir greinargóðar skýringar á lögnum.

5. Kosning kjörsvæðisstjóra 2013 – 2014

Pétur Jökull segir að nú sé röðin komin að Ölveri að gera tillögu um kjörsvæðisstjóra starfsárið 2013 – 2014. Biður hann Þórarinn Gylfason að kynna þann sem þeir hafi gert tillögu um.

Þórarinn segir að hann heiti Ólafur Þ. Guðmundsson. Hann hafi verið í Ölveri frá stofnum klúbbsins eða í tæp 40 ár. Ólafur var forseti Ölvers 1995 – 1996. Einnig gegnt öðrum embættum og verið í fjölmörgum nefndum klúbbsins gegnum tíðina. Hann sé traustur og tryggur Kiwanisfélagi.

Pétur Jökull segir að þar sem engin önnur tillaga hafi komið fram lýsi hann Ólaf réttkjörinn kjörsvæðisstjóra fyrir starfsárið 2013 - 2014.

6. Önnur mál.

Pétur gefur orðið laust um önnur mál.

Ágúst Magnússon bendir á að í fundargerð umdæmisstjórnar frá því í janúar sé ekki getið skýrslu svæðisstjóra Sögu.

Björn Ágúst formaður Styrktarsjóðs ræðir stífkrampaverkefnið. Fjáröfnunin gangi nokkuð vel þó nokkuð sé í land að takmarkinu 50 – 60 milljóna söfnun sé náð. Þó hafi safnast 15 – 20 milljónir til þessa dags. Samkvæmt venju á að selja K-dagslykilinn á næsta ári en ekkert er farið að vinna í því og orðinn stuttur tími til stefnu. Komið hefur til tals að fara frekar í samstarf við UNICEF á Íslandi næsta vor með fjáröflun segir Björn að lokum.

7. Fundarslit.

Pétur Jökull biður fundarmenn afsökunnar á afleitri aðstöðu fundarins en fundurinn er haldinn í sal Kaffihússins sem ekki er nægjanlega aðskilinn frá öðrum gestum. Aðra sali var ekki að hafa í Mosfellsbænum vegna fermingarveisla.

Pétur slítur síðan fundi kl. 16.30 og óskar fundarmönnum góðrar heimkomu.

